

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 232/2021

2024/EES/17/04

frá 24. september 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/881 frá 23. mars 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausna stöðu með tilliti til tiltekinnna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1140 frá 5. maí 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/687 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum ⁽²⁾.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2021/1140 fellir úr gildi tilskipanir ráðsins 2000/75/EB ⁽³⁾ og 2002/60/EB ⁽⁴⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott samkvæmt samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 13e (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687) í hluta 1.1:
„, breytt með:
– **32021 R 1140**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1140 frá 5. maí 2021 (Stjtið. ESB L 247, 13.7.2021, bls. 50).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 13h (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689) í hluta 1.1:
„, breytt með:
– **32021 R 0881**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/881 frá 23. mars 2021 (Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 10).“
3. Texti liðar 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og liðar 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 9.1 fellur brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 247, 13.7.2021, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 192, 20.7.2002, bls. 27.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/881 og (ESB) 2021/1140, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.